

✉ Re: Húnaþing vestra-2211010

Búið til	16.1.2023 14:49:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	16.1.2023 14:49:28
Tilheyrir	📁 202301-0045 - Skipulagslýsing - breyting á þéttbýli á Hvammstanga

Efni

Re: Húnaþing vestra-2211010

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	16.1.2023 14:49:28	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bogi.kristinsson@hunathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0045 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Húnaþings vestra, dags. 30. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

Breytingin varðar tvö svæði innan þéttbýlis Hvammstanga þar sem stefnt er að því að fjölga íbúðalóðum. Reitir ÍB-9 við Lindarveg er að mestu raskað og þar er alaskalúpína ríkjandi. Gróðurfar svæðisins hefur því lágt verndargildi og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að þar sé skipulögð frekari uppbygging.

Syðri reiturinn samanstendur einkum af ræktuðum túnum. Náttúrufræðistofnun telur að leggja ætti mat á áhrif skipulagsbreytingarinnar á fuglalíf en algengt er að fuglar sæki á ræktuð tún. Þá eru fjörur nálægt áætluðu uppbyggingsvæði og leggja þarf mat á hvort einhver áhrif verði af uppbyggingunni á fjörurnar og lífríkis þeirra.

Einnig mætti skoða hvort einhver tækifæri felist í endurheimt votlendis þar sem áform eru um að breyta landnotkun á framræstum túnum. Slík endurheimt getur jafnvel átt sér stað innan um íbúabyggð ef vel er staðið að hönnun.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en áskilur sér rétt á athugasemdum síðar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bogi Magnusen Kristinsson" <bogi.kristinsson@hunathing.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Húnaþing vestra-2211010
Date: 30.12.2022 14:48:02

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Óskað er eftir umsögn vegna skipulagslýsingar á breytingum aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026
Meðfylgjandi eru lýsingargögn sem unnin eru af teiknistofunni Landmótun ehf

Kær kveðja

**Skipulagsfulltrúi Húnaþing vestra, Blönduós,
Húnavatnshrepps og Skagabyggðar.**
Bogi Kristinsson Magnusen
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga
S: 455-2400